



Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík


Dalabyggð, 17. janúar 2022
Mál.nr. 2003041 og 2003042

Vísað er til bréfs. dags. 5. janúar 2022 (tilvísun SRN22010013/4.17) þar sem óskað er umsagnar um erindi Skipulagsstofnunar vegna breytinga á aðalskipulagi varðandi iðnaðarsvæði vegna vindorkuvera að Sólheimum og Hróðnýjarstöðum.

Með breytingum á aðalskipulagi er það stefnumörkun sveitarfélagsins Dalabyggðar að það sé möguleiki að reist verði vindorkuver að Sólheimum og Hróðnýjarstöðum. Ekki er um það að ræða að um leið sé verið að taka ákvörðun um slíkar framkvæmdir né veita heimild til þeirra. Að ákvörðun um framkvæmdir er langur vegur í gegnum deiliskipulag, umhverfismat framkvæmda, framkvæmdaleyfi, virkjanaleyfi svo eitthvað sé nefnt. Í því ferli munu koma til skoðunar þau atriði sem Skipulagsstofnun vísar til en þau eiga ekki við á þessu stigi varðandi þá tímabundnu og endurskoðunarskyldu stefnumótun sveitarfélagsins sem felst í aðalskipulagi. Ef breyting á aðalskipulagi yrði ekki staðfest væri á byrjunarstigi komið í veg fyrir að framangreind atriði kæmu til skoðunar.

Meðfylgjandi er álit Hjalta Steinþórssonar lögmanns varðandi ákvörðun Skipulagsstofnunar. Dalabyggð leggur þetta álit fram sem hluta af sinni umsögn ásamt þessu bréfi. Í samræmi við það sem fram kemur í álitinu væntir Dalabyggð þess að ráðherra staðfesti breytingar þær á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem til umfjöllunar eru í þessu máli.

Virðingarfyllst.
f.h. sveitarfélagsins Dalabyggðar


Kristján Sturluson
sveitarstjóri

